



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN
DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Reykjavíkurborg

B.t. Sigprúðar Erlu Arnardóttur, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Laugavegi 77

101 Reykjavík

Kópavogi. 14. október 2020

Tilvísun: 2020090024

Efni: Endurnýjun og hugsanleg stækkun á þjónustusamningi milli Reykjavíkurborgar og Útlendingastofnunar.

Með þessu bréfi er óskað eftir að viðræður hefjist við sveitarfélagið Reykjavíkurborg um stækkun þjónustusamnings, ef vilji borgarstjórnar er til þess.

Núgildandi samningur Útlendingastofnunar og Reykjavíkurborgar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd er frá 1. janúar 2019 og gildir til 31. desember 2020.

Óskað er eftir viðræðum um að Reykjavíkurborg taki að sér að þjónusta allt að 300 einstaklinga en að öðru leyti verði innihald samnings óbreytt. Á samningstímabili stendur til að endurskoða svokallað fastagjald og daggjald með það að markmiði að kostnaðarliðir verði skýrari, gagnsærri og svari betur til raunkostnaðar.

Forsendur

Útlendingastofnun hefur gert þjónustusamning við þrjú sveitarfélög um framangreinda þjónustu, Reykjavíkurborg með 220 einstaklinga, Hafnarfjarðarbær með 100 einstaklinga og Reykjanesbær með 70. Það er stefna stofnunarinnar að öll þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd verði hjá sveitarfélögum, en móttökumiðstöð verði rekin af stofnuninni sjálfri, þar sem greining á þörfum umsækjenda og lok tiltekinna mála fer fram (s.s. augljósar veitingar og bersýnilega tilhæfulausar umsóknir). Sú hugmyndafræði hefur ekki gengið eftir þar sem sveitarfélög ná ekki að þjónusta þann fjölda sem að jafnaði er í kerfinu og stofnunin hefur því ítrekað þurft að bregðast skjótt við og taka á leigu húsnæði þegar mikil fjölgun hefur orðið. Leitað hefur verið eftir þátttöku annarra sveitarfélaga á síðustu fjórum árum en ekkert hefur komið út úr þeim umleitunum.

Að mati Útlendingastofnunar hefur samstarfið við Reykjavíkurborg gengið vel og er ljóst að mikill metnaður ríkir hjá borginni hvað varðar framkvæmd og útfærslu verkefnisins, má þar nefna sérstök virkniúrræði og félagslega ráðgjöf með styrkleikanálgun og valdeflingu að leiðarljósi.



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN

DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Starfsemi Útlendingastofnunar í sveitarfélögum

Búsetuúrræði stofnunarinnar eru nú í þremur sveitarfélögum en misjafnt er hversu viðamikil starfsemin er á hverjum stað. Framboð og verð ræður hvar húsnæði Útlendingastofnunar eru á hverjum tíma, utan þess að móttökumiðstöð er skilgreind í Bæjarhrauni 18, Hafnarfirði. Í ár var þjónustusamningur við Hafnarfjarðarbæ stækkaður og yfir standa viðræður við Reykjanesbæ um að stækka þjónustusamning við sveitarfélagið.

Kostnaðarmat

Til nánari glöggvunar eru settar inn viðmiðunarfjárhæðir hér að neðan miðað við daggjald í september 2020 og núverandi fastagjald til sveitarfélagsins:

Dæmi um greiðslur samkvæmt þjónustusamningi miðað við hámarks fjölda

Fjöldi einstaklinga	Daggjald á ári	Fastagjald á ári	Samtals greiðslur á ári	Greiðslur á mánuði
220	706.318.800	42.428.571	748.747.371	62.395.614
300	963.162.000	57.857.143	1.021.019.143	85.084.929

F.h. Útlendingastofnunar